

40. aðalfundur Landssambands smábátæigenda

Tillögur frá svæðisfélögum til fundarins.

Efnisyfirlit

<i>Árborg</i>	2
<i>Strandveiðifélagið Krókur</i>	2
<i>Elding</i>	3
<i>Drangey – smábátafélag Skagafjarðar</i>	5
<i>Fontur</i>	6
<i>Félag smábátæigenda á Austurlandi</i>	8
<i>Smábátafélag Reykjavíkur</i>	8
<i>Reykjanes</i>	8
<i>Snæfell</i>	9
<i>Sæljón</i>	11
<i>Báran</i>	12
<i>Hrollaugur</i>	12
<i>Skalli</i>	12
<i>Smábátafélagið Strandir</i>	13
<i>Farsæll</i>	13
<i>Klettur</i>	13

Árborg

- *Umhverfi – handfæraveiðar njóti ívilnunar.*

Áríðandi er, að teknu tilliti þess samfélags sem við byggjum og loftlagsmarkmiða stjórnvalda, að viðurkennt verði að veiðar með handfærum séu vistvænni en aðrar veiðar sem stundaðar eru hér við land. Jafnt og eigendur tvinn bíla eiga handfæraveiðar að njóta ívilnunar.

Greinargerð: Veiðarnar eru stundaðar á tvinn bátum, þ.e. þeir hafa tvær aflrásir, önnur sem nýtir jarðefnaeldsneyti til keyrslu að og frá veiðistað og hin sem knúin er af orku frá rafgeymum sem nýtt er til veiða. Rafgeymar eru svo hlaðnir á keyrslu og með landrafmagni.

- Handfæraveiðar fá 30% ívilnun.
- Handfæraveiðar smábáta verði gefnar frjálssar og verði undanþegnar hrygningarstoppi.
- Strandveiðar.

Þar til handfæraveiðar verða gerðar frjálssar skal efla og styrkja strandveiðikerfið á eftirfarandi hátt:

- a. landið verði eitt veiðisvæði
- b. veiðitímabilið verði frá 1. apríl til 30. september
- c. hverjum báti verði tryggðir 48 veiðidagar
- d. heimild Fiskistofu um stöðvun strandveiða verði numin úr gildi
- e. tekin verði upp heimild til þörunar á umframafla, þannig að hægt verði að jafna það sem er umfram í einum róðri í næsta róðri. Heimild þessi nái til 100 kg. af óslægðum þorski.
- f. heimildir strandveiðibáta til löndunar í VS sjóð verði í samræmi við aðrar veiðar.
- g. ufsi verð frjálss sem meðafli við strandveiðar.
- h. krafa um að sá sem rær strandveiðibát þurfi að eiga minnst 26% í viðkomandi útgerð.

- Byggðamál

Úthlutun byggðakvóta í núverandi mynd verði hætt. Öllum kvóta sem nú er úthlutað, sem byggðakvóta, verði ráðstafað til strandveiða.

Strandveiðifélagið Krókur

- Krókur samþykkir að styðja tillögu Fonts um lögfestingu og án allra skilyrða verði veiðidagar 10 í hverjum strandveiðimánuði.

Greinargerð: Matvælaráðherrum VG hefur verið bent á fjölmargar leiðir til að gera upp í lok strandveiða það aflamagn sem veitt yrði og viljum við ítreka notkun ónotaðra VS heimilda, en þar er vannýting í núverandi fiskstjórnunarkerfi upp á tugi þúsunda tonna.

- Krókur krefst þess að óheimilt verði að nota flottroll við veiðar á loðnu
- Krókur leggur til að fiskveiðiárið verði almanaksárið
- Krókur fer þess á leit að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt þannig að flutningsréttur milli ára myndist við leigu á aflamarki
- Krókur skorar á Fiskistofu að sinna enn betur lögbundnu eftirliti.

Greinargerð: Einungis er heimilt að veita hverri útgerð, eiganda, einstaklingi eða lögaðila, leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Eigandi fiskiskips skal vera lögskráður á skipið.“

- Krókur krefst þess að veiðigjald verði lagt á úthlutað aflamark og taki mið af markaðsverði þar sem hlutfall verði það sama hjá öllum útgerðarflokkum. Gjaldið verði innheimt við löndun.
- Krókur krefst þess að togveiðar innan 12 mílna verði bannaðar.

Greinargerð: Það var meiningin með útfærslunni 1958. Sjómenn voru mjög ánægðir með það, í þá tíð. Það sem ynnist með þessu væri að veiðar á humri færðust yfir í gildirur. Sandsíli mundi einnig fjölga mjög mikið, vegna þess að hrogn sandsílisins eru marga mánuði að klekjast út. Sjá

grein: <https://timarit.is/page/6777974?iabr=on#> Náttúrufræðingurinn 1.-2. hefti 2013.

Auk afráns og samkeppni um fæðu geta verið aðrar ástæður fyrir bresti í nýliðun sandsílis, svo sem breytingar í umhverfinu. Frá því hrygningu sandsílis lýkur um áramót og þar til hrogn klekjast út vorið eftir getur margt gerst. Hraði eggþroska ræðst fyrst og fremst af sjávarhita, seltu og birtu en sömu þættir ráða einnig tímasetningu klaks. Sú tímasetningin getur verið afdrifarík því seiðin þurfa fljótlega eftir klak að finna hentuga fæðu.

- Krókur fer þess á leit að heimilt verði að jafna umframfla við strandveiðar á næsta degi.
- Krókur leggur til að rækju- og skelbætur - sem skipt hafa um eigendur renni til strandveiða og línuviltunar. Gullkarfi, keila og langa skulu boðin upp á skiptimarkaði.

Elding

- Elding leggur til að flutningsréttur myndir við leigu á aflamarki.
- Elding styður tillögu Fonds um að veiðidagar verði 40 að því tilskyldu að veiðar verði tryggðar í 10 daga í hverjum mánuði.
- Elding leggur til að gerðar verði breytingar á reglum um byggðakvóta þannig að fyrir afla greiðist markaðsverð. Jafnframt að úthlutun til einstaks útgerðarfyrirtækis verði að hámarki 20%.

- Elding leggur til að aðilar að samningum um sértækan kvóta byggðastofnunar njóti ekki almenna byggðakvótans. Ættu ekki að geta spilað í tveimur kerfum og skapað sér aflareynslu/mótframlags í einu til að taka út úr öðru.
- Aðalfundur Eldingar skorar á stjórnvöld að gera strandveiðar óháðar aflamarkskerfinu og koma þannig að nokkru til móts við álit mannréttindanefndar SP frá árinu 2007.
- Vísindalegar forsendur veiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunar í öllum fiskitegundum hafa engan veginn staðist og skýringar stofnunarinnar ótrúverðugar og án viðunandi rökstuðnings. Styður félagið framkomnar hugmyndir um eflingu rannsókna á lífríki hafsins og samspili nytjastofna þess og einnig að rannsóknir og ráðgjöf verði aðskilin.
- Aðalfundur Eldingar hvetur stjórnvöld til að draga úr heimildum til togveiða á grunnslóð umhverfis landið, enda samræmist það alþjóðlegri stefnu um aukin verndarsvæði í hafi. Þá skorar félagið á stjórnvöld að endurskoða heimildir til veiða með dragnót upp í fjörur víða um land.
- Elding leggur áherslu á að línuvöðun verði ekki skert enda sé hún forsenda fyrir útgerð smærri línubáta.
- Elding leggur til að flotvörpuveiðum á Íslandsmiðum verði tafarlaust hætt enda vel þekkt að mikill meðafli, ekki síst grásleppuseiði og aðrar tegundir smáfisks, kemur í veiðarfærið.
- Elding telur ástæðu til að leitað verði til samkeppniseftirlitsins og kannað hvort samráð sé milli fiskmarkaða í landinu.
- Elding leggur til að við strandveiðar fái allir sama fjölda daga og landið verði eitt svæði.
- Elding leggur til að heimilt verði við strandveiðar að landa öllu undirmáli sem VS-afla
- Elding er sammála um að skerpa kröfu um eignarhald strandveiðibát, einn maður einn bátur, heimilt verði að fá mann til að róa fyrir sig (veikindi/slys)
- Elding leggur til að sömu reglur gildi um karfa og ufsa í strandveiðum.
- Elding leggur til að veiðar á ufsa á handfæri frjálsar
- Elding leggur til að sömu reglur gildi um undirmál á strandveiðum og í króka- og aflamarki
- Elding leggur til að skel- og rækjubætur verði sett í leigupott innan 5,3% aðgengi að leigupotti verði takmarkað við aðila sem nýtt hafa 90% úthlutaðra heimilda. Og leigupak á potti.
- Elding mótmælir harðlega öllum hugmyndum um afnám línuvöðunar
- Elding leggur til að óheimilt verði að nota snurvoð við veiðar innan 12 mílna grunnlínu.
- Elding leggur til að Hafrannsóknastofnun rannsaki lífvænleika fisks sem sleppt er við handfæra- og línuveiðar.

- Elding hafnar því að aðrar netaveiðar en á hrognkelsi séu heimilaðar í krókaafلامarki
- Aðalfundur Eldingar leggur til að leyfð verði löndun á hvítlúðu sem meðafla smábáta innan 12 metra enda sé ekki um beina sókn að ræða (mikil aukning á Hvítlúðu sem meðafla
- Aðalfundur Eldingar leggur til að afladagabók verði afnuminn á strandveiðum.
- Aðalfundur Eldingar styður hvalveiðar
- Aðalfundur Eldingar krefst þess að GSM samband verði þegar bætt út af öllum Vestfjörðum. Hér eru um öryggismál að ræða.
- Aðalfundur Eldingar hafnar sameiningu aflamarks og krókaafلامarks.
- Elding leggur til frjálsar handfæraveiðar.

Drangey – smábátafélag Skagafjarðar

- Aðalfundur Drangeyjar - smábátafélags Skagafjarðar mótmælir harðlega ítrekaðri stöðvun strandveiða í júlí. Skorar félagið á stjórnvöld að fara að lögum um þessar veiðar og að þær séu leyfðar tiltekinn dagafjöldi á mánuði í fjóra mánuði þ.e. maí, júní, júlí og ágúst. Með því verði jafnræði tryggt milli útgerða og veiðisvæða umhverfis landið, auk þess sem þessar veiðar verði fyrirsjáanlegar fyrir sjómenn, fiskkaupendur og aðra sem hafa af þeim atvinnu.
- Aðalfundur Drangeyjar skorar á stjórnvöld að gera strandveiðar óháðar aflamarkskerfinu og koma þannig að nokkru til móts við álit mannréttindanefndar SP frá árinu 2007.
- Aðalfundur Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar telur ljóst að vísindalegar forsendur veiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunar í öllum fiskitegundum hafa engan veginn staðist og skýringar stofnunarinnar ótrúverðugar og án viðunandi rökstuðnings. Styður félagið framkomnar hugmyndir um eflingu rannsókna á lífríki hafsins og samspili nytjastofna þess og einnig að rannsóknir og ráðgjöf verði aðskilin.
- Aðalfundur Drangeyjar hvetur stjórnvöld til að draga úr heimildum til togveiða á grunnslóð umhverfis landið, enda samræmist það alþjóðlegri stefnu um aukin verndarsvæði í hafi. Þá skorar félagið á stjórnvöld að endurskoða heimildir til veiða með dragnót upp í fjörur víða um land.
- Aðalfundur Drangeyjar leggur áherslu á að línuviltun verði ekki skert enda hún forsenda fyrir útgerð smærri línubáta.
- Aðalfundur Drangeyjar – smábátafélags Skagafjarðar ítrekar með vísan til fyrri samþykktu félagsins og sveitarstjórnar Skagafjarðar kröfu um að dragnótaveiðar á Skagafirði verði takmarkaðar í samræmi við fyrri fyrirkomulag veiðanna á firðinum, þ.e. að svæðinu innan línu úr Ásnefi í vestri í Þórðarhöfða/Kögur í austri verði lokað fyrir veiðum með dragnót.
- Aðalfundur Drangeyjar-smábátafélag Skagafjarðar krefst þess að flotvörpuveiðum á Íslands-miðum verði tafarlaust hætt enda vel þekkt að mikill meðafla, ekki síst grásleppuseiði og aðrar tegundir smáfiska koma í veiðarfærið.

Fontur

- Aðalfundur Fonts haldinn á Þórshöfn 12. september 2024 skorar á stjórnvöld að festa í lög að veiðidagar til strandveiða verði að lágmarki 40, tíu dagar í hverjum mánuði maí – ágúst.

Greinargerð: Þó það sé ekki vaninn að slá af réttmætum kröfum hefur Fontur ákveðið að leggja til að fjöldi veiðidaga verði skertur um tæp 17% samhliða að óheimilt verði að stöðva veiðarnar. Gangi þetta eftir væri komið á fullt jafnræði milli allra landshluta.

- Aðalfundur Fonts lýsir sig andvígán kvótasetningu grásleppu og vill að kvótasetningin verði afturkölluð, jafnframt verði sóknardagakerfi í grásleppuveiðum endurvakið með nýrri lagasetningu.

Greinargerð: Kvótasetning grásleppu mun skerða afkomu margra útgerða og þar með lífsafkomu fjölda fólks. Bátum á grásleppu mun fækka og hamla nýliðun, þannig að fólk sem hefur áhuga og getu til að hefja útgerð á grásleppu mun ekki hafa aðgang auðlindinni um ókomna tíð. Kvótasetning grásleppu skerðir enn frekar möguleika smábátaútgerðar á Íslandi til að vera sjálfbær, þ.e. að fólk geti lifað af smábátaútgerð einni saman.

Það eru engin líffræðileg rök á bak við kvótasetningu grásleppu og fiskistofninn hefur verið nýttur með skynsamlegum og sjálfbærum hætti í sóknardagakerfi í áratugi. Stofnstærðarmat stjórnvalda nýtur ekki viðurkenningar Alþjóða Hafrannsókaráðsins (ICES) sem áreiðanleg aðferðafræði sem byggð er á vísindalegum grunni. Fontur telur auðsýnt að hagsmunum heildarinnar, smábátaútgerðar á Íslandi í heild, sé fórnað fyrir sérhagsmuni.

Kvótasetning grásleppu er enn einn naglinn í líkkistu smábátaútgerðar á Íslandi og verður að afturkalla með hagsmuni smábátaútgerðar á Íslandi að leiðarljósi.

- Aðalfundur Fonts leggur til að endurskoðuð verði ákvæði fyrirhugaðrar reglugerðar um tímalengd mill þess sem net eru dregin.
- Aðalfundur Fonts leggur til að fallið verði frá hugmyndum um takmörkunum á dýpt neta, til vara að aðlögunartími verði 3 – 4 ár.
- Aðalfundur Fonts leggur til að kveðið verði á um takmarkanir á lengd neta í reglugerð
- Aðalfundur Fonts fer þess á leit að almennur byggðakvóti verði tryggður og festur í sessi.
- Aðalfundur Fonts hvetur LS til að standa vörð um almennan byggðakvóta.

Greinargerð:

Almennur byggðakvóti hefur það fram yfir sértækan að skilyrði um að fiskiskip landi tvöföldu því magni sem þau fá úthlutað til vinnslu innan viðkomandi byggðarlags eru einföld, skýr og hafa reynst vel í framkvæmd. Fiskistofa hefur eftirlit með að þau séu uppfyllt og nákvæmt yfirlit yfir stöðu almenns byggðakvóta er alltaf aðgengilegt á vef Fiskistofu. Almennur byggðakvóti er háður lágmarksverði til sjómanna og skilar viðkomandi hafnarsjóðum því eðlilegum tekjum.

*Byggðastofnun hefur lögum samkvæmt eftirlit með nýtingu á **sértækum byggðakvóta** en þar liggja ekki fyrir neinar opinberar upplýsingar um raunverulega framkvæmd samninga um þann kvóta, sem verður að teljast undarlegt í ljósi þeirra miklu verðmæta sem felast í þeim samningum.*

Það er flestum ljóst að sú mikla samþjöppun sem orðið hefur í sjávarútvegi undanfarna áratugi og samþjöppun aflaheimilda á færri hendur er aðalorsök þess samdráttar í veiðum og vinnslu í minni byggðarlögum sem byggðakvótum er ætlað að bæta fyrir.

Því þykir okkur skjóta skökku við að sum af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins skuli fá úthlutað byggðakvóta í hvoru kerfinu sem er, með fullri virðingu fyrir þeim ágætlega reknu fyrirtækjum þá getur tjónvaldurinn varla átt rétt til skaðabótanna?

Verði lögum um stjórn fiskveiða breytt á næstunni viljum við að tekið sé tillit til ofangreindra sjónarmiða og teljum að eftirfarandi myndi bæta hag minni sjávarbyggða verulega, bæði hvað varðar afkomu smærri útgerða, tekjur viðkomandi sveitarfélaga og almennt mannlíf í sjávarbyggðunum.

- Aðalfundur Fonts leggur til að sértækur byggðakvóti verði að mestu afnuminn og þær heimildir færðar í strandveiði og almennan byggðakvóta. (Fiskvinnsla sem í dag fær sértækan byggðakvóta væri áfram með aðgang að hráefni með almennum byggðakvóta á verðlagsstofuverði, ef hún gengi ekki þannig, á hún þá rétt á sér?)
- Aðalfundur Fonts gerir þá kröfu að fiskvinnslan greiði að lágmarki Verðlagsstofuverð.
- Aðalfundur Fonts 10 stærstu kvótahafar í aflamarki og krókaafلامarki fái ekki úthlutað byggðakvóta, tjónvaldarnir eiga ekki rétt til tjónabótanna, meira til skipta fyrir þá sem þurfa raunverulega á byggðakvótanum að halda, þ.e. einyrkjaútgerðir sem lifa á bolfiskveiðum og eru ekki hluti af „lóðrétt samþættum“ stórútgerðar, vinnslu og sölufyrirtækjum.
- Aðalfundur Fonts minnir stjórnvöld á að hafa ávallt til hliðsjónar við breytingar á lögum um stjórn fiskveiða að nýliðun í greininni verði möguleg því að okkar mati er það dapurleg framtíðarsýn að örfá stórfyrirtæki veiði og vinni allt sjávarfang af Íslandsmiðum. Við í afskekktustu byggðum landsins viljum og þurfum að hafa möguleika á að stunda fiskveiðar okkur til framfæris um ókomna tíð.
- Aðalfundur Fonts mótmælir afnámi aflvísis úr lögum og krefst þess að stórum togurum verði úthýst af grunnslóð.

Greinargerð:

Gögn stjórnvalda benda til þess að á grunnslóðinni í kringum Ísland eru margir aðskildir og staðbundnir þorsstofnar. Þegar aflvísir var tekinn út úr lögum var stórum togurum sem stunda veiðar með botnvörpu, hleypt enn lengra og grynna inn á grunnslóðina. Þetta mun hafa geigvænlegar afleiðingar fyrir staðbundna þorsstofna og vistkerfið í heild sinni. Þetta er skref aftur á bak og gengur í berhöggi við sjálfbærni hugtakið. Smábátaútgerðin mun finna á komandi árum fyrir afleiðingum af þessari illa ígrunduðu ákvörðun stjórnvalda, þar sem smábátar á Íslandi stunda fyrst og fremst, nánast einvörðungu veiðar á grunnslóðinni.

- Aðalfundur Fonts hvetur til að rannsóknir á staðbundnum þorsstofnum verði eflidar.

Greinargerð:

Í Noregi er sérstakt fiskveiðistjórnarkerfi sem lýtur að staðbundnum þorsstofnum. Það kallast „Kysttorsk“ og nýtur viðkenningar Alþjóða hafrannsóknarráðsins (ICES). Aflaheimildir „Kysttorsk“ eru til hliðar við stofnstærðarmælingu þorsstofnsins hjá norskum stjórnvöldum og er veiðiráðgjöf haldið aðskildum.

Félag smábátæigenda á Austurlandi

- FSA skorar á ráðherra að bjóða 4 000 tonna makrílpott upp með sama hætti og 5,3% pott, þannig að í stað leigugjalds komi þorskur í skiptum og verði nýttur í strandveiðar.
- FSA krefst þess að línuvillun verði tryggð áfram og verði að lágmarki 1 500 tonn í þorski.
- FSA leggur til að andvirði þorskafla á strandveiðum umfram 774 kg verði fært beint inn í verkefnasjóð. Fjárhæðin taki mið af verðmætasta afla viðkomandi róðurs. Útgerð greiði kostnað af umsýslu aflans.
- FSA tekur heilshugar undir 10 daga ályktun aðalfundar Fots um strandveiðar.

Smábátafélag Reykjavíkur

- Allur fiskur sem veiðist á strandveiðum skal seljast á viðurkenndum fiskmarkaði.
- Strandveiðibátur skal vera í meirihlutaeigu þess sem rær jafnframt hafi hann prókúru ef bátur er í eigu fyrirtækis.

Reykjanes

- Smábátafélagið Reykjanes kefst frjálsra handfæraveiða.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að strandveiðar verði heimilar í 48 daga og aflaheimildir til þess tryggðar.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að strandveiðar verði leyfðar á tímabilinu 1. mars til 1. október.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að aflaheimildir ufsi verði frjálssar við strandveiðar.
- Smábátafélagið Reykjanes fer fram á að leyfilegt verði að virkja VS afla við strandveiðar.
- Smábátafélagið Reykjanes krefst þess að 50.000 króna gjaldið verði afnumið af veiðileyfi strandveiða.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að aflaregla verði hækkuð úr 20% í 25%.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að heildarafli þorsks verði ákveðin 250 - 300 þús. tonn á ári. strax.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að 50% af almenna byggðakvótanum verði bætt inn í strandveiðar.

- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að gildistöku laga um grásleppuveiðar verði frestað.
- Smábátafélagið Reykjanes krefst þess að aflamagn þorsks til línuvinnunar verði aukið.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að línuvinnun gildi fyrir alla dagróðrabáta undir 30 tonn og að línuvinnun verði 30% á landbeitta línu og 20% á uppstokkaða línu í landi.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að almennur byggðakvóti verði veiddur af dagróðrabátum undir 15 brt.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til algjört bann við notkun flotvörpu við loðnuveiðar.
- Smábátafélagið Reykjanes hafnar hugmyndum um veiðar á krókaflamarki með netum.
- Smábátafélagið Reykjanes krefst þess að botntroll verði alfarið bannað innan 12 mílna frá landi og þannig náist markmið friðunar sjávarbotns fyrir 2030.
- Smábátafélagið Reykjanes er hlynntur áframhaldandi hvalveiðum.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að ráðherra setji hvalveiðar í þjóðaratkvæðagreiðslu
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að nýsamþykkt lög um grásleppu verði kærð til umboðsmanns Alþingis.

Snæfell

Strandveiðar

- Aðalfundur Snæfells krefst þess að hver bátur fái heimild til að veiða að lágmarki 40 daga á strandveiðum ár hvert. Hverjum bát verði heimilt að róa að lágmarki 10 daga í mánuði frá 1. maí til 31. ágúst. Hámarksafli á dag verði óbreyttur. Heimild fiskistofu til að stöðva veiðarnar verði afnumin.
- Koma þarf í veg fyrir að sami útgerðaraðili/eigandi geti verið með fleiri en einn bát í einu á strandveiðum.
- Fiskistofu verði heimilt að svipta bát á strandveiðum veiðileyfi í einn dag fari umframafli hans umfram 500 kg.
- Snæfell krefst þess að afli umfram 650 þorskígildi, annar en þorskur, teljist ekki til „skammtsins“.
- Snæfell skorar á stjórnvöld að fella niður sérstakt gjald (svokallaðan bryggjuskatt) á virkjun veiðileyfa við strandveiðar.

Grásleppumál

- Snæfell mótmælir harðlega þeirri aðferðafræði sem viðhöfð hefur verið við útreikninga á meðafla í grásleppunet. Það er að segja uppreikning á fugli og sel úr veiðieftirlitsferðum Fiskistofu.
- Snæfell krefst þess að veiðiheimildum grásleppukvóta verði aðeins úthlutað á báta undir 15 brt og veiðiheimildir bundnar við þá stærð.

Línuívilnun

- Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega tillögum starfshópa „Auðlindarinnar okkar“ að fella niður línuívilnun og skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta ákvæði laga um línuívilnun. Verði 30% við landbeitningu og 20% við uppstokkun. Línuívilnun nái til afla upp að 7 000 kg í róðri.

Makríl

- Aðalfundur Snæfells krefst frjálstra færaveiða smábáta á makríl.

Byggðakvóti

- Snæfell leggur til að byggðakvóta verði úthlutað sem ívilnun við löndun og gildi fyrir línu og handfærabáta undir 30 brt. Jafnframt að meiri afli fari til strandveiða. Það er skoðun félagsins að með þessu nýtast heimildirnar hinum dreifðu byggðum á gegnsæjan hátt.

Önnur mál

- Snæfell krefst þess að ekki verði opnað fyrir dragnóta og netaveiðar fyrir innan línu sem dregin er úr Selskeri norður af Grundarfirði í Selsker austan við Skor á Breiðafirði.
- Snæfell skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu sjávargróðurs úr firðinum, og hvaða áhrif hún hafi á lífríki Breiðafjarðar og viðgang fiskiseiða.
- Snæfell lýsir stórum áhyggjum vegna þess að búið er að heimila þorskanetaveiða með 10 tommu möskva og farið er að nota mun dýpri net en áður var.
- Snæfell óskar eftir að handfæra- og línubátum verði heimilt að landa lúðu sem meðafla
- Snæfell mótmælir því harðlega að aflvísir skuli ekki lengur hefta togveiðar nálægt landi. Togarar að 29 metrar er nú heimilt að stunda veiðar upp að 4 sml frá landi á þeirri forsendu að það minnki kolefnisspor þeirra undir því yfirsikni að um græn orkuskipti sé að ræða.
- Snæfell mótmælir harðlega að skipum undir 29 metrum að lengd sé heimilt að stunda veiðar með fiskibotnvörpu innar en nú þegar er heimilt á Breiðafirði.
- Snæfell lýsir stuðningi við að reglum um ísprósentu og endurvigtun verði breytt þannig að sama ísprósenta gildi fyrir allan afla á hafnarvog. Ísprósenta geti verið mismikil eftir útgerðaflokkum.
- Snæfell krefst þess að óheimilt verði að nota flotvörpu við veiðar á loðnu, síld og makríl í íslenskri landhelgi. Óumdeilt er að skaðsemi veiðarfærisins er fyrir hendi, t.d. ánetjast gríðarlegur fjöldi grásleppuseiða við veiðarnar. Við löndun er skaðinn skeður auk þess að í aflanum er fullvaxin grásleppa. Bent skal á að við flotvörpuveiðar á sl. fiskveiðiári var magn grásleppu í lönduðum afla alls 58 tonn, rúmlega helmingi meira en úr botntrolli. Jafnframt bendir Snæfell á að skipstjórar loðnuskipa gagnrýna notkun flottrolls við veiðarnar.
- Snæfell vill hvetja félagi í LS til þess að styrkja byggingu nýrra björgunarskipa með fjárframlagi.

Sæljón

Strandveiðar

Einn pottur eitt svæði - 48 dagar

- Heimilt verði að stunda strandveiðar frá 1. apríl til 30. september ár hvert.
- Úthlutanir á aflaheimildum í byggðakvóta verði ráðstafað inn í strandveiðar.
- Skipulag veiða í einu svæði og einn pottur aflaheimilda.
- Hverjum bát er heimilt að róa 48 daga
- Hámarks afli á dag verður óbreyttur.

Handfæraveiðar

- Handfæraávilnun verði 30%.

Hrygningarstopp

- Sæljón leggur til að handfæraveiðar verði undanþegnar hrygningarstoppi.

Grásleppuveiðar

- Sæljón mótmælir harðlega enn og aftur þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps.

Grunnlóð

- Sæljón fordæmir notkun dragnótar inn í Faxaflóa og víðar inn á fjörðum og flóum. Fundurinn lýsir miklum áhyggjum af afleiðingum snurvoðar á hafsbotn og sandsílastofninn sem er gríðarlega mikilvæg fæða fyrir nytjastofna okkar.
- Griðasvæði fiska á grunslóð verði bætt með því að banna allar togveiðar innan 12 mílna.
- Ufsi veiddur á handfæri teljist ekki til kvóta og hægt verði að leigja þorsk á sanngjörnu verði.

Gildruveiðar

- Mótmælt er harðlega reglugerðarbreytingu um fjölda gilda í 2000 pr. bát.
- Að allur humar verður veiddur í gildrum á bátum undir 30 tonnum og 15 metrum

Hvalveiðar

- Sæljón styður áframhaldandi hvalveiðar

Afla- og krókaafلامark

- Sæljón hafnar öllum hugmyndum um sameiningu aflamarks- og krókaafلامarks

Umhverfisáhrif veiðarfæra

- Sæljón hvetur umhverfisráðherra, að beita sér fyrir því að gert verði umhverfismat á áhrifum veiðarfæra á sjávarbotn, lífríki sjávar og loftslagsins – kolefnisjöfnuð þess.

Báran

- Að strandveiðar verði heimilar í 48 daga og veiðiheimildar tryggðar til þess.
- Að strandveiðar verði leyfilegar frá 1 mars til 31 október.
- Strandveiðar. Allt landið verði eitt svæði.
- Að griðarsvæði fiska á grunnslóð verði bætt með því að banna allar togveiðar fyrir innan 12 mílur.
- Við fordæmum notkun dragnótar inn í Faxaflóa og víðar inn á fjörðum og flóum. Jafnframt höfum við miklar áhyggjur af afleiðingum snurvoðar á hafsbötn á sandsíli, og búsvæði fiska.
- Að aflaregla verði hækkuð úr 20% í 25%.
- Við ákvörðun um leyfilegan heildarafla verði tekið tillit til umhverfisvænleika veiðarfæra. Auknar krókaveiðar gefi þannig tilefni til hækkunar á prósentu sem tekið er úr veiðistofni (aflaregla)
- Skipstjóri strandveiðibáts skal annaðhvort eiga minnst 25 % í fyrirtæki sem gerir út strandveiðibát og það skráð í hlutafélagaskrá eða vera þinglýstur minnst sem 25% eigandi af sínum hlut í bát.
- Að það verði ríkt eftirlit með eignarhaldi á bátum.
- Eigendur strandveiðibáta megi ráða 1 afleysingamann á strandveiðibát í allt 10 daga.
- Loðnu og síldveiðar í flottroll verði bannaðar

Hrollaugur

- Hrollaugur leggur til að haldið verði áfram að berjast fyrir 48 dögum og að veiðitíminn fylgi almanaksárinu.
- Strandveiðigjald verði fellt niður
- Skel og rækjubætur verði afnumdar og færðar inn í strandveiðikerfið
- Stjórn Hrollaugs skorar á LS að fara yngja upp í stöðum LS í formi stjórnar og einnig í formi framkvæmdastjóra.

Skalli

- Lagt er til að menn ávinni sér geymslurétt á kvóta með veiðireynslu
- Framsal veiðiheimilda fari í gegnum markað sem stjórnað er af opinberum aðilum
- Dagróðrabátar verði undanþegnir því að halda afladagbók

- Áfram verði barist fyrir 48 dögum á strandveiðum
- Vinnuaðferðir Hafrannsóknastofnunar verði teknar til skoðunar
- Skalli mótmælir öllum skerðingum aflaheimilda og hugmyndum um afnám línuvinnunar

Smábátafélagið Strandir

- Aðalfundur Stranda krefst þess að árlega verði tryggðir 48 dagar til strandveiða.
- Dagróðrabátum minni en 30 tonnum og styttri en 15 metrar verði tryggð línuvinnun. Ívinnun verði 30% þar sem beitt er í landi, 20% við uppstokkun.

Farsæll

- Óheimilt verði að nota flottroll við veiðar á loðnu.
- Fyrsta krafa Farsæls varðandi strandveiðar er að veiðidagar verði 48. Verði ekki hægt að tryggja þann dagafjölda jafnskipt í maí – ágúst leggur Farsæll til 40 daga. Tíu dagar í mánuði þar sem hver útgerð getur sótt þann tíma sem best hentar á ári hverju.
- Farsæll beinir því til Matvælaráðuneytisins að reglugerð fyrir strandveiðar verði gefin út mánuði áður en veiðitímabilið hefst.

Klettur

- Smábátafélagið Klettur leggur til að strandveiðar verði bundnar við 10 daga í mánuði 4 mánuði á ári maí, júní, júlí og ágúst. Ekki verði hægt að stöðva veiðar á tímabilinu. Breytingar komi til framkvæmda árið 2025 og gildi til ársins 2028.
- Smábátafélagið Klettur felur LS að beita sér fyrir því að eignarhaldsákvæði um strandveiðibáta verði betur fylgt eftir.
- Smábátafélagið Klettur leggur til að umfram afli á strandveiðum verði gerður upp með skilvirkari hætti en gert er í dag.
- Smábátafélagið Klettur leggur til að allur afli verði vigtaður á hafnarvog í þeirri höfn sem landað er í og sú vigt látin gilda óháð ísmagni
- Smábátafélagið Klettur lýsir yfir stuðningi við hvalveiðar sem eðlilega nýtingu sjávarauðlinda.